

Guðmundur Hallvarðsson

Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður, Stuðlaseli 34, Reykjavík, verður fimmtugur næstkomandi mánudag, 7. desember.

Starfsferill

Guðmundur fæddist í Reykjavík og ólst þar upp í Laugarneshverfinu. Hann lauk farmannaprófi frá farmannadeild Stýrimannaskólans í Reykjavík 1966 og hefur setið námsskeið, m.a. í verkstjórn og vinnuhagræðingu.

Guðmundur var um tíma háseti á fiskiskipum, flutningaskipum og varðskipum og stýrimaður um nokkurra ára skeið á vitaskipinu Árvakri.

Á árunum 1972-91 var Guðmundur starfsmaður Sjómannafélags

Reykjavíkur, þar af í stjórn Sjómannafélagsins frá 1972 og formaður þess frá 1978. Á þessum árum sat hann í fjölmörgum nefndum og ráðum sem unnu að velferðarmálum sjómanna.

Guðmundur situr í stjórn Sjómannasamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði, DAS, hefur verið varaborgarfulltrúi frá 1982, formaður hafnarstjórnar Reykjavíkurhafnar frá 1986, er stjórnarmaður í Lífeyrisjóði sjómanna og í stjórn Sparisjóðs vélstjóra.

Hann sat um tíma í framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins, var formaður í Verkalyðsráði, í miðstjórn ASÍ frá 1984-92 og í framkvæmdastjórn Sjómannasambandsins frá 1980-92.

Fjölskylda

Guðmundur kvæntist 8.10. 1966 Hólmfríði Maríu Óladóttur, f. 19.9. 1946, hárgreiðslumeistara. Hún er dóttir Óla B. Jónssonar íþróttakennara, nú fulltrúa hjá Vegagerð ríkisins, og Guðnýjar Guðbergsdóttur húsmóður sem nú er látin.

Börn Guðmundar og Maríu eru: Óli Björgvin, f. 14.8. 1964; Guðný María, f. 24.12. 1969, hjúkrunar-nemi, í sambúð með Kristjáni Ágústssyni, f. 27.2. 1966, markaðsfræðingi, og eiga þau einn son; og Davíð Stefán, f. 18.9. 1975, nemi.

Systkini Guðmundar eru: Agnar, f. 4.11. 1929, vélstjóri, búsettur í Hafnarfirði, kvæntur Magnúsinu Ólafsdóttur og eiga þau tvö börn; Helgi, f. 12.6. 1931, skiphera, búsett-

ur í Kópavogi, kvæntur Þuríði Erlu Erlingsdóttur og eiga þau þrjú börn; Birgir, f. 20.3. 1934, rekur endursk. og bókhaldsfyrirtæki á Seyðisfirði, kvæntur Stellu Ólafsdóttur og eiga þau tvö börn; Hilmar, f. 3.7. 1935, vélvirkir, nú fulltrúi hjá Vita- og hafnamálastofnun, kvæntur Hafðisi Ólafsdóttur og eiga þau þrjú börn; og Gylfi, f. 13.8. 1937, starfsmaður á vélaværk. Reykjavíkurhafnar, kvæntur Öldu Bjarnadóttur og eiga þau fimm börn.

Foreldrar Guðmundar voru Hallvarður Rósinkarsson, f. 14.5. 1904, d. 6.3. 1975, vélstjóri á skipum Landhelgisgæslunnar, og Guðfinna Lýðsdóttir, f. 4.5. 1904, d. 9.5. 1991, húsmóðir.

Guðmundur og María taka á móti-



Guðmundur Hallvarðsson.

gestum sunnudaginn 6. desember á milli kl. 17 og 19 í Sónarsalnum, Skipholti 50a.

Jóhannes Bergsveinsson

Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir, Bárugötu 35, Reykjavík, er sextugur í dag.

Starfsferill

Jóhannes fæddist í Reykjavík og ólst upp bæði þar og í Vestureyjum á Breiðafirði.

Hann varð stúdent frá MR, stærðfræðideild, 1953, lauk kandidatsprófi frá læknadeild HÍ vorið 1962 og var við nám í geðlæknisfræði við University of London, Institute of Psychiatry við Maudsley Hospital frá 1964-66, og starfaði jafnframt á ýmsum deildum þar til þjálfunar í geðlækningum.

Frá maí 1966 til ársloka 1968 bjó Jóhannes í Danmörku og starfaði við Stads Hospitalet í Glostrup, Vejle Amts og Bys Sygehus og Odense Amts og Bys Sygehus. Frá janúar 1969 var hann geðlæknir á Kleppspítala og geðdeild Landspítalans, lengst af við meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga. Hann kenndi enn fremur geðlæknisfræði við Hjúkrunarskóla Íslands frá árinu 1969 og þar til skólinn var lagður niður.

Frá október 1975 hefur Jóhannes verið yfirlæknir sjúkradeilda ríkisins fyrir drykkjusjúka og jafnframt verið stundakennari við HÍ frá árinu 1971.

Jóhannes hefur setið í ýmsum opinberum nefndum er fjallað hafa um áfengis- og vímuefnamál, í áfengisvarnarráði, starfað að félagsmálum í Landsþjónustunefnd AA-samtakanna og í Geðlæknafélagi Íslands.

Einnig hefur Jóhannes ritað ýmsar greinar um áfengis- og vímuefnavandamál og um geðverndarmál í blöð og tímarit.

Fjölskylda

Jóhannes kvæntist 25.8. 1956 Auði Garðarsdóttur, f. 21.5. 1934, húsmóður. Hún er dóttir Garðars Jónssonar, sjómanns og verkstjóra í Reykjavík, og Jónu Björnsdóttur húsmóður.

Börn Jóhannesar og Auðar eru: Jóhannes, f. 26.11. 1966, rafvirkir í Reykjavík; Elín, f. 5.9. 1971, nemi í Fjölbrotaskólanum í Ármúla; og Bergsveinn, f. 5.9. 1971, iðnskólarnemi, unnusta Kristín Sólveig Kristjánsdóttir og eiga þau eina dóttur.

Systkini Jóhannesar eru: Ólafur Aðalsteinn, f. 19.10. 1938, skipasmiður, kvæntur Sjöfn Axelsdóttur og eiga þau Bergsvein og Jóhannes Gylfa; og Guðrún Lára, f. 15.4. 1940, röntgentæknir, gift Gylfa Jónssyni flugstjóra og eiga þau Bergsvein Þór, Elínu og Láru Fanneyju.



Jóhannes Bergsveinsson.

Foreldrar Jóhannesar voru Bergsveinn Ólafsson, f. 25.8. 1901 í Hval-látrum á Breiðafirði, d. 27.12. 1981, augnlæknir, og Elín Jóhannesdóttir, f. 16.6. 1909 á Seyðisfirði, d. 13.4. 1973, húsmóðir. Þau bjuggu í Reykjavík þar sem Bergsveinn starfaði sem augnlæknir.

Faðir Bergsveins var Ólafur Aðalsteinn Bergsveinsson, b. í Hval-látrum á Breiðafirði. Foreldrar Elínar voru Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti og k.h., Jósefína Antonía Lárusdóttir Blöndal.

Jóhannes tekur á móti gestum í AKOGES-salnum, Sigtúni 3, Reykjavík, á milli kl. 15 og 17 á afmælisdaginn.

Menning

Mokka-refillinn

Undanfarinn mánuð hefur staðið yfir á Mokkakaffi við Skólavörðustíg nýstárleg tilraun til hópeflis myndlistarfólks. Hugmyndasmiður verksins og umsjónarmaður er Hannes Sigurðsson listfræðingur sem hefur síðasta árið séð um sýningahald á Mokka þrátt fyrir búsetu í New York. Segja má að hugmyndin sé fengin að láni frá frönsku surrealistunum en þeir iðkuðu andlega leikfimi sem þeir nefndu „Cadavre exquis“, eða Frábært lík. Þessi leikur byggðist á því að þátttakendur opnuðu hug sinn fyrir umhverfinu, andartakinu og umfram allt; hugarheimi annarra. Frábært lík var dregið þannig upp að hver og einn leyndi sínum hluta myndarinnar en eftirlét þeim næsta í röðinni fáeina drætti eða atriði til að halda myndinni saman. Annar surrealistur leikur nefndist Afleitt lík og var þátttakendum í þeim leik heimilt að sjá hvað hinir höfðu þegar lagt til myndarinnar. Útkoman í þeim leik var jafnan mun meðvitaðri og oft fyrirsjáanleg. Fagurfræðilegt gildi hvers einstaks listaverks vó þar þyngra en þverlistrænt innsæi. Sá sextán metra langi refill sem þrjátíu og fimm íslenskir listamenn hafa nú dregið á sínar augnabliksmyndir í Mokka ber meiri svip af síðarnefndu aðferðinni.

Skortur á samstarfi

Þó verður ekki séð að margir þeirra hafi lagt sig eftir því grundvallarsjónarmiði að koma til verks með opnum huga. Yfirlýstur tilgangur Hann-


Myndlist

Ólafur Engilbertsson

esar Sigurðssonar með framkvæmdinni var að mynda „eina órofa heild og samruna mismunandi stefna og kynslóða í myndlistinni“. Það markmið hefur því miður ekki náðst að öðru leyti en því að listamennirnir hafa mætt til verks og unnið sína fersentímetra, en í flestum tilvikum án nokkurs tillits til „nágrannans“. Það eru helst þau Þorvaldur Þorsteins-son og Ingileif Thorlacius sem virðast ganga til verks með opnum huga. Tolli og Hannes Lárusson eru opnir gagnvart hugmyndinni sem slíkri en taka ekki feril refsins með í reikninginn. Samstarf tekst einna helst á milli Hörpu Björnsdóttur, Sveins Björnssonar og Jóhannesar Jóhannessonar annars vegar og Kjartans Guðjónssonar og Þorvalds Þorsteins-sonar hins vegar. Einnig er samstarfsviðleitni að finna hjá Daða Guðbjörns-syni.

Allt að vinna

Magnús Pálsson, Kristján Guðmundsson og Rúrí mynda vissa hrynjandi í ferlinu með því að grunnforsendur verka þeirra eru áþekkar; þ.e. efnið sjálft og form þess. En því miður er ekki að finna hina surrealistu afstöðu til kraftbirtingar augnabliksins í verkum þeirra fremur en flestra annarra þátttakenda í refilinum. Undirritaður vill hér með leggja til að refilgerðin verði hér eftir árlegur viðburður á Mokka og að listamennirnir láti jafnframt fylgja með hugrenningar sínar um stöðu myndlistar á Íslandi, svipað og hægt er að lesa þessa dagana í möppum á Mokka. Listamennirnir og gestir kaffihússins gætu síðan bætt við í möppuna eigin hugrenningum um stöðu refsins á Mokka. Tilskrif þessi mætti síðan gefa út sem eins konar árbók kaffihússins. Hugmyndin að Mokka-reflinum er nefnilega góð og þó að framkvæmdin hafi farið út og suður að þessu sinni þá er á þessum vettvangi allt að vinna og engu að tapa. Sýningu refsins lýkur nk. sunnudag, 6. desember.



Unnið við Mokka-refillinn.

Til hamingju með daginn 5. desember

80 ára

Bjarni Þorsteinsson, Hurðarbaki, Reykholtssdalshreppi. Laufey Stefánsdóttir, Viðilundi 24, Akureyri. Sigríður Stefánsdóttir, Birkilundi 5, Akureyri. Sæunn J. Friðjónsdóttir, Flótagötu 60, Reykjavík. Ágúst Steinsson, Hamragerði 12, Akureyri. Ágúst verður að heiman á afmælisdaginn.

75 ára

Sveinn Ólafsson, Furugrund 70, Kópavogi.

70 ára

Maria Magnúsdóttir, Hátúni 10, Reykjavík. Sæmundur Jónsson, Bjargi, Eskifirði. Axel Þór Friðriksson, Sjávargötu 33, Njarðvík. Hulda Guðjónsdóttir, frá Brimnesi á Langanesi, Kleppsvogi 72, Reykjavík. Hulda verður sjötug á mánu- daginn. Hún tekur á móti gestum að heimili dóttur sinnar og tengdasonar, Mel-



seli 3, Reykjavík, á milli kl. 15 og 19 á morgun, sunnudag.

60 ára

Erla Sigurvinsdóttir, Þangbakka 10, Reykjavík. Halldór E. Ágústsson, Marklandi 2, Reykjavík. Þórmundur Þórmundsson, Mánavegi 13, Selfossi. Fanney Guðmundsdóttir, Hraunhvammi 3, Hafnarfirði.

50 ára

Einar Einarsson múraram., Ytaseli 30, Reykjavík. Eiginkona Einars er Alda Ingólfsdóttir húsmóðir. Þau taka á móti gestum í sal MVB, Skipholti 70, Reykjavík, á milli kl. 17 og 19 á afmælisdaginn. Þeir sem vilja gleðja hann með blómum vinsamlega látið andvirði þeirra renna í Landgræðslusjóð stúkunnar Þorsteins IOOF.

Jón Kristinn Kristjánsson, Hjallavegi 16, Ísafirði. Kristján Kristjánsson, Bakkavegi 15, Ísafirði. Jón og Kristján eru tvíburar. Þeir taka á móti gestum í Oddfellow-húsinu á Ísafirði eftir kl. 20 á afmælisdaginn. Eymundur Jóhannsson, Árgerði, Staðarhreppi.



Elín Jónsdóttir, Hoffteigi 19, Reykjavík. Helgi Sigurmonsson, Hraunsmúla, Staðarsveit. Bjarni Þorsteinsson, Bláskógum 5, Hveragerði. Rannveig Alfreðsdóttir, Lönguhlíð 7c, Akureyri. Rannveig tekur á móti gestum í húsi Flugbjörg-unarsveitarinnar að Galta-læk frá kl. 20 á afmælisdaginn.



40 ára

Vignir Páll Þorsteinsson, Háafelli 7, Fellahreppi. Guðmundur Magni Þorsteinsson, Reykjafold 18, Reykjavík. Einar Ólafsson, Engimýri 14, Akureyri. Liljar Sveinn Heiðarsson, Hlíðarvegi 55, Kópavogi. Matthildur S. Hallgrímsdóttir, Hjarðarhaga 48, Reykjavík. Haukur Jónsson, Steinhlið 3a, Akureyri. Hinrik Olsen, Gerðhörmum 12, Reykjavík. Helga Jónsdóttir, Skeggjagötu 21, Reykjavík. Anna Dóra Guðmundsdóttir, Skildinganesi 16, Reykjavík. Sigurjón Hreiðarsson, Miðgarði 1, Keflavík. Runólfur Ómar Jónsson, Bleiksárhlið 2, Eskifirði.